

Kristrún Frostadóttir  
Forsætisráðherra

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
101 Reykjavík

**Afrit sent** á Innviðaráðherra, heilbrigðisráðherra, dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra og aðstoðarmenn

## Efni: Beiðni sveitarstjórna á Vesturlandi um neyðarfund og skipan viðbragðshóps

*Við undirrituð, fulltrúar sveitarfélaga á Vesturlandi, óskum eftir fundi hið fyrsta með oddvitum ríkisstjórnarinnar og viðkomandi fagraðherrum, um skipun viðbragðshóps stjórnarráðsins um aðgerðir til að tryggja öryggi íbúa á Vesturlandi og annarra vegfarenda, svo ekki hljótist skaði á fólki og verðmætum og truflun á atvinnu- og mannlífi, eins og nú blasir við.*

### Hættustigi lýst á vegum á Vesturlandi

[Vegagerðin gaf út tilkynningu 13. febrúar 2025](#) um bikblæðingar víða á Vesturlandi þar sem lýst var yfir „hættustigi vegna bikblæðinga“ sem í gildi væri á átta stöðum á þjóðvegum Vesturlands þ.e. Bröttubrekku (60), í gegnum Dalina (60), yfir Svínadal (60) og út Hvalsdal (60) en einnig á veginum yfir Vatnaleið á Snæfellsnesi (56), undir Hafursfelli (54) og að Heydalsafleggjara (54), auk þess sem það sama gilti um þjóðveg 1, frá Borgarnesi yfir Holtavörðuheidi í Hrutafjörð, skv. tilkynningunni. Vegfarendur voru beðnir að aka varlega á þessum leiðum og hafði hraði víða verið tekinn niður í 70 km/klst. Í aðstæðum sem þessum gæti bik og mól festst á dekk sem einnig dreifist á óskaddaða veghluta langt frá blæðingarsvæðum.

### Lengi bágborið ástand

Stórfelldar bikblæðingar í síðustu viku bættust við afar bágborið ástand sem fyrir var á mörgum af framangreindum vegarköflum. Um þetta ástand veganna hafa sveitarstjórni á Vesturlandi ályktað ítrekað, jafnvel um árabíl, auk þess sem það hefur verið stöðugt umfjöllunarefni á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV).

**Ítrekað hafa fulltrúar sveitarfélaga á Vesturlandi og SSV fundað með ráðherra samgöngumála, þingnefndum, þingmönnum NV-kjördæmis og forráðmönnum Vegagerðarinnar um það ófremdarástand sem er í vegamálum á Vesturlandi, en án árangurs. (Stór fundur var haldinn síðasta vor).**

Lýsing á ástandi veganna hefur víða komið fram, m.a. í bókunum sveitarstjórna. Jarðsig og frostskemdir hafa gert vegi óslétta yfirferðar, slitlag er gróft og bútakennt eftir áralangar holufyllingar, vegkantar eru víða brotnir og hafa gefið eftir á löngum köflum og víða eru vegir of mjóir. Á sumum stöðum er vatnsagi á vegi mikið vandamál.

Verulega aukin umferð á Snæfellsnesvegi 54 og Vestfjarðavegi 60 um Dalabyggð, þar á meðal stórauknir þungaflutningar á síðustu árum í tengslum við laxeldi aðra fiskflutninga, sumar sem vetur, kallar á aukin framlög til vegagerðar, ekki síst til almenns viðhalds. Þó nýjar vegaframkvæmdir séu af hinu góða, þá má ekki gleymast að sinna þarf viðhaldi eldri vega. Í þeim liggja mikil verðmæti sem fara forgörðum, sé viðhaldi þeirra ekki sinnt.

## Tilkynnt um hættuástand

Í síðustu viku var Almannavarnanefnd Vesturlands tilkynnt um það ástand sem þá skapaðist, þar sem einstaka sveitarstjórnir sáu sér ekki annað fært. Ástæðan var sú að sveitarstjórnirnar töldu að neyðarakstri væri stefnt í hættu, eins og ástand veganna var, og öryggi almennings þar með.

Samgöngustofu var auk þess [send fyrirspurn, með vísan í eftirlitshlutverk stofnunarinnar með samgöngumannvirkjum](#), sbr. 5. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnarsýslustofnun samgöngumála. Óskað var áljóts á því hvort kröfum um öryggi samgöngumannvirkja væri fullnægt, þar sem vafi væri um hvort íbúar (á Snæfellsnesi) byggju við viðunandi öryggi í neyðarakstri, við þetta ástand tiltekinna vegarkafla.

**Í 15. gr. vegalaga nr. 80/2007, um eftirlit með veghaldi, kemur fram að Vegagerðin hafi eftirlit með því að veghaldi allra vega sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og kostaðir eru af fé ríkisins, sé sinnt í samræmi við ákvæði laganna. Vegagerðin skal hlutast til um úrbætur og telji Vegagerðin að umferð stafi hætta af, skal hún gera lögreglu viðvart.**

**Samkvæmt sömu grein getur lögreglustjóri, telji hann vegi, viðhaldi eða merkingu vegar, sem opin er almenningi til frjálsrar umferðar, svo áfátt að hætta geti stafað af, gefið veghaldara fyrirmæli um að gera úrbætur á veginum og bannað umferð um veginn þar til úrbætur hafa verið gerðar.**

## Hamfarkennt ástand

Það má með sanni líkja við hamfarir, því ástandi einstakra veghluta á Vesturlandi sem skapaðist síðustu daga, einkum í Dölum og á Snæfellsnesi. Við hamförum hefur, sem betur fer, ríkt ágætur skilningur í samfélaginu að þurfi að bregðast við, hratt og örugglega.

Við þekkjum þær aðstæður, þegar brú á stofnvegi laskast og tekur í sundur þjóðveg, þannig að umferð stöðvast. Þá er strax farið í viðgerðir og fjárveitingar til þess tryggðar. Verði náttúruhamfarir, þá eru Íslendingar þekktir fyrir getu og færni í að bregðast hratt við, til björgunar mannlífum og verðmætum.

Nú ríkir slíkt ástand á vegarköflum á Vesturlandi. Við teljum að „hamfarastig“ kalli á tafarlaus viðbrögð og úrbætur. Við teljum að öryggi ákveðinna vegarkafla sé svo ábótavant, að það feli í sér mikla ábyrgð, Vegagerðarinnar og stjórnvalda, verði úrbætur látnar bíða.


## Ósk um fund og skipun viðbragðshóps stjórnarráðsins

Þess vegna óskum við eftir fundi hið fyrsta, með forsætisráðherra og oddvitum ríkisstjórnarinnar, ásamt ráðherra samgöngumála.

Við óskum eftir skipun á „viðbragðshóp stjórnarráðsins“ þar sem undirbúnað verði aðgerðir sem tryggja viðhald og endurbætur vega, svo ekki hljóttist af skaði á fólki og verðmætum og truflun á atvinnu- og mannlífi, eins og nú blasir við.

Ljóst er að ný ríkisstjórn ber ekki ábyrgð á stöðunni sem er komin upp. Hættan sem leiðir af óbreyttu ástandi veganna er hins vegar algjörlega óviðunandi fyrir íbúa og vegfarendur og því brýnt að nýir valdhafar bregðist við.

Neðangreindar myndir eru teknar af vef Vegagerðarinnar og segja allt sem segja þarf, þ.e. að Vesturland og syðsti hluti Vestfjarða eru á allt öðrum stað en aðrir landshlutar, hvað ástand vega snertir.



## Endurheimt malarvega?

- Á Vesturlandi er 14% alls vegakerfisins á landinu eða 1.845 kílómetrar af 12.901 kílómetrum ef stuðst er við tölur frá því árið 2020 en í landshlutanum búa 5% landsmanna.
- Á árunum 2024-2028 voru einungis 700 milljónir króna (1,6%) áætlaðar í Samgöngu-áætlun til nýframkvæmda á Vesturlandi, af 44,4 milljörðum sem áformað var að verja í stofnvegi á landsbyggðinni. Áætlunin hefur frestast um tvö ár að auki.
- Til stendur að setja 8,8 milljarða í Fossvogsbrú til samburðar.

- Á Vesturlandi bjuggu um 17.500 manns í fyrra. 55% kjósenda í NV-kjördæmi.
- Mesta umferðaraukning á öllu landinu á milli janúar 2024 og 2025, var á Vesturlandi, eða 6% aukning.
- 50% ferðamanna fer um Vesturland.
- Afstaða íbúa til vegakerfisins er verst í nýrri íbúakönnun á svæðunum S-Vestfirðir, Dalir og V-Húnavatnssýsla.
- Síðasta stóra vegaframkvæmdin á svæðinu var um Kolgrafarfjörð 2004.



Landsvæði	Fjárveitingar 2024-2028
Austurland .....	9.230
Norðurland eystra .....	5.250
Norðurland vestra .....	736
Suðurland .....	18.850
Vestfirðir .....	9.600
Vesturland .....	700
<b>Samtals.....</b>	<b>44.366</b>

## Hættuástand er neyðarástand

- Hámarkshraði er 70 km/klst í dag. Slitlagi hefur verið flett af vegi 60 og sama stendur til á vegi 54.
- Fjármagn til viðhalds er verulega minna en viðhaldspörf og ekki í takt við umferð og öryggiskröfur og af öllum svæðum er ástandið verst á Vesturlandi og á Vestfjörðum.
- Kostnaður við holuviðgerðir á Vesturlandi hefur farið úr um 50 milljónum 2018 í um 150 milljónir 2023.
- 100-110 km af vegum á Vestursvæði sem eru komnir eða verða komnir að brotmörkum eru hættulegir sökum sigs eða holumyndunar. Þeir eru fyrir utan eðlilegt viðhald sem ekki er sinnt í dag.
- 43 km vega er í svo miklu niðurbroti að hluta af þeim þarf að endurbyggja og breikka (Snæfellsnesvegur, Vestfjarðarvegur, Stykkishólmsvegur, Miklidalur ofl.) Kostnaður 3,3 milljarðar.

## Hvaða afleiðingar hefur þetta?

- Fjölmiðlar hafa flutt margar fréttir undanfarna daga af slæmu ástandi þjóðvegarsins á framangreindum stöðum sem sannarlega er á hættustigi.
- Fjölmarginir akandi vegfarendur tilkynntu um tjón á ökutækjum og óþægindi sem þeir lentu í vegna þessa hættuástands veganna, út af djúpum holum, ósléttu yfirborði og ekki síst vegna tjöru sem “blæddi” úr vegunum og lagðist á hjólbarða og aðra fleti bifreiða, skaust af öðrum bílum eða af vegi.
- Fólk og fyrirtæki verða fyrir fjárhagstjóni því víða firrir Vegagerðin sig ábyrgð sem veghaldari með því að setja upp viðvörðunarskilti.
- Fólk telur sig réttilega í hættu við akstur á vegunum; að umferðaröryggi sé stórlega ógnað. Mörg dæmi eru um að fólk hafi vegna þessa hætt við ferðir af Vesturlandi, afbókað lækna tíma og önnur erindi, og haldið sig heima – enda var það í samræmi við tilkynningu Vegagerðarinnar um hættustig veganna.
- Eðli samgangna er flutningur á milli staða á varningi og fólki, oftast með farartækjum. Með innviðum verða samgöngur betri og gæði þeirra er forsenda efnahags ríkja, svæða og einstaklinga. Sé innviðum á Vesturlandi og Vestfjörðum ekki sinnt miðað við þessa skilgreiningu þannig að hægt sé að stunda samskonar samgöngur þar og annars staðar á landinu er um mismunun að ræða.
- Eðlilegt er að gera þá kröfu að innviðir þoli þungaflutninga sem greiða stórfé fyrir afnotin af innviðunum. Hærri gjöld á slíka flutninga eru landsbyggðarskattur eðli máls samkvæmt þar sem landsbyggðin þrífst ekki án samgangna.
- Kostnaður vegna nýbygginga eykst verulega vegna lægri öxulþunga sem hefur m.a. áhrif á byggingu íþróttamiðstöðvar í Búðardal þar sem takmörkun á öxulþunga kostar mun fleiri ferðir steypubíla.

## Fyrir hönd sveitarfélaga á Vesturlandi og SSV

**Haraldur Benediktsson**  
Bæjarstjóri Akraneskaupstaðar  
*haraldurb@akranes.is*

**Jakob Björgvin S. Jakobsson**  
Bæjarstjóri Stykkishólms  
*jakob@stykkisholmur.is*

**Linda B. Pálsdóttir**  
Sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar  
*linda@hvalfjardarsveit.is*

**Björg Ágústsdóttir**  
Bæjarstjóri Grundarfjarðar  
*bjorg@grundarfjordur.is*

**Jón E. Einarsson**  
Oddviti Skorradalshrepps  
*jone@skorradalur.is*

**Kristinn Jónasson**  
Bæjarstjóri Snæfellsbæjar  
*kristinn@snb.is*

**Stefán Broddi Guðjónsson**  
Sveitarstjóri Borgarbyggðar  
*stefan.gudjonsson@borgarbyggd.is*

**Sigurbjörg Ottesen**  
Oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps  
*oddviti@eyjaogmikla.is*

**Björn Bjarki Þorsteinsson**  
Sveitarstjóri Dalabyggðar  
*sveitarstjori@dalir.is*

**Guðveig Lind Eyglóardóttir**  
Formaður Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi  
*gudveig.eygloardottir@borgarbyggd.is*